

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 136/82
komudagur 14.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

13. nóvember 2008
Tilvísun: 2008100133


Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samvinnu- og efnahagsráð Íslands, 5. mál

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 23. október 2008, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um samvinnu- og efnahagsráð Íslands, 5. mál. Með tillögunni er lagt til að komið verði á fót samvinnu- og efnahagsráði um efnahagsmál sem vettvangi stjórnmalaflokka og helstu hagsmunaaðila til að ræða og leita leiða til að styrkja íslenska atvinnuvegi og efnahag þjóðarinnar til frambúðar.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið tillöguna og telur ekki ástæðu til þess að taka afstöðu til efnis hennar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Lilja Rut Kristófersdóttir



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Alþingi
Erindi nr. P 136/83
komudagur 14.11.2008

13. nóvember 2008.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um Þingsályktunartillögu um að stofna samvinnu- og efnahagsráð

Í þessari tillögu til þingsályktunar er rætt um að setja á stofn samvinnu- og efnahagsráð sem starfi til frambúðar. Tillaga þessi er um margt lík tillögu sem kemur fram í Frumvarpi til laga um Efnahagsstofnun.

Það er alltaf nauðsynlegt að samskipti á milli ráðamanna og helstu hagsmunasamtaka séu greið og aldrei sem nú við þær erfiðu efnahagsaðstæður sem nú ríkja. Aftur á móti má telja ólíklegt að slíkt ráð nái samstöðu um ráðgjöf til stjórnvalda nema í einstökum málum. Því tel ég að slíkt ráð ætti fyrst og fremst að nota sem samráðsvettvang og leið til að koma mismunandi sjónarmiðum á frambærni við stjórnvöld.

Þegar kemur að tillögu um skipan ráðsins er gert ráð fyrir að þar sitji fulltrúi frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þess ber að geta að fleiri háskólastofnanir hafa til að bera færur sérfræðingum á þessu sviði, t.d. hjá Rannsóknastofnun í fjármálum við Háskólann í Reykjavík.


Virðingarfyllst,

Katrín Ólafsdóttir, lektor
Viðskiptadeild
Háskólans í Reykjavík
Ofanleiti 2
103 Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
Kringlan 1, 103 Reykjavík
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sími/Tel: (+354) 599 6200
Fax: (+354) 599 6201
www.hr.is

Alþingi
Erindi nr. P 136/77
komudagur 13.11.2008

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd


Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 12. nóvember 2008

Tilvísun: 2008100714 BRA/--

Persónuvernd vísar til bréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 23. október 2008, þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um tillögu til þingsályktunar um stofnun samvinnu- og efnahagsráðs Íslands (þskj. 5, 5. mál á 136. löggjafarþingi). Með ályktuninni er því beint til forsætisráðherra að hann komi á fót samvinnu- og efnahagsráði. Efni tillögunar, skv. greinargerð, virðist falla utan starfsviðs Persónuverndar. Af þeim sökum mun stofnunin ekki veita umsögn um tillöguna.

Virðingarfyllst


Bragi Runar Axelsson
lögfræðingur



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/87
komudagur 14.11.2008

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 REYKJAVÍK.

Dagsetning
13. nóvember 2008

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um samvinnu- og efnahagsráð Íslands, 5. mál. Tillagan felur í sér að forsætisráðherra komi á fót samvinnu og efnahagsráði um efnahagsmál sem vettvangi stjórnmalaflokka og helstu hagsmunaaðila til að ræða og leita leiða til að styrkja íslenska atvinnuvegi og efnahag þjóðarinnar til frambúðar.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við ofangreinda þingsályktunartillögu.

Emundur Árnason

Ólafur Örn

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. október 2008 02-2008100467
T-ums 28/08


Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um að stofna samvinnu- og efnahagsráð Íslands - 5. mál.


Ríkisskattstjóri hefur þann 24. október 2008 móttengið bréf yðar dagsett 23. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um tillögu til þingsályktunar um að stofna samvinnu- og efnahagsráð Íslands - 5. mál, þskj. 5.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi beini því til forsætisráðherra að koma á fót samvinnu- og efnahagsráði um efnahagsmál sem vettvangi stjórn málaflókka og helstu hagsmunaaðila til að ræða og leita leiða til að styrkja íslenska atvinnuvegi og efnahag þjóðarinnar til frambúðar.

Að mati ríkisskattstjóra er tillagan áhugaverð í ljósi stöðu þjóðarbúsins. Embættið telur aftur á móti ekki tilefni til að gera athugasemdir við tillöguna eða taka afstöðu til hennar að öðru leyti.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 136/ 86
komudagur 14.11.2008

13. nóvember 2008
SÍ-45611

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 23. október 2008 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um að stofna samvinnu- og efnahagsráð Íslands, 5. mál.

Seðlabankinn tekur ekki afstöðu til hugmynda um samráðsskipulag af því tagi sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 136/125
komudagur 18.11.2008



Efnahags- og skattanefnd
Alþingi
150 Reykjavík.

Reykjavík, 14. nóvember 2008.


Tillaga til þingsályktunar um samvinnu- og efnahagsráð Íslands.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar þar sem því er beint til forsætisráðherra að koma á fót samvinnu- og efnahagsráði.

Af greinargerð að dæma leggja flutningsmenn til að myndaður verði sérstakur samráðsvettvangur til að leita hagfelldustu leiða út úr þeim efnahagserfiðleikum sem þjóðin hefur ratað í.

Þegar litið er til þess hvernig mál hafa þróast síðan fjármálakreppan upphófst um mánaðamótin september og október verður ekki séð að stofnun slíks ráðs kæmi íslensku atvinnulífi að gagni. Það sem fyrst og fremst hefur angrað hagsmunaaðila á undanförunum vikum er hægagangur í ákvörðunartöku í þeim málum sem brýnust hafa verið á hverjum tíma. Samtökin fá ekki séð að breyting geti orðið þar á með því sem hér er lagt til og því leggjast samtökin gegn því að þessi þingsályktunartillaga nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,
f.h. SVP


Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 17. nóvember 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun samvinnu- og efnahagsráðs Íslands (5. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem feiur í sér að Alþingi beini því til forsætisráðherra að koma á fót samvinnu- og efnahagsráði Íslands.

Viðskiptaráð tekur undir með framsögumönnum tillögunnar að brýnt sé að taka á yfirstandandi efnahagsþrengingum af festu og ákveðni. Forsenda þess er hins vegar samræmt átak allra þátttakenda þjóðfélagsins og sameiginleg ákvörðun þeirra að nú sé tími erfiðra ákvarðana þar sem langtímahagsmunir allra skulu hafðir að leiðarljósi. Þar eiga allar mögulegar lausnir að vera uppi á borðum og afstaða gagnvart þeim skal byggð á rökum en ekki sérhagsmunum. Helsta vandkvæði slíkra ákvarðana er að þær þarf að taka frekar fyrir en síðar, en þó að vel ígrunduðu máli.

Því miður er það oftast þannig að opinberar nefndir og ráð þar sem fulltrúar stjórnmalaflokka leiða vinnuna skortir þau hröðu handtök sem einmitt er forsenda stofnunar þeirra. Alltof mörg dæmi eru því til staðfestingar. Það er þess vegna sem Viðskiptaráð leggur til að samvinnu- og efnahagsráð Íslands verði eingöngu skipað sérfræðingum á sviði efnahagsmála. Þar á að líta til þeirrar þeirra sérfræðinga sem starfa innan veggja háskóla landsins (t.a.m. Rannsóknarstofnunar í fjármálum við Háskólann í Reykjavík og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands) og þar á einnig að líta til hagfræðinga og annarra sérfræðinga á vegum fulltrúa atvinnulífsins og launþega. Þessum aðilum til fulltingis eiga að vera starfsmenn Seðlabankans, Fjármálaeftirlits, Samkeppniseftirlits, Hagstofunar og ráðuneyta, bæði hvað varðar veitingu upplýsinga sem og almennrar aðstoðar. Að auki ættu lögfræðingar á sviði fjármálaréttar (t.a.m. sérfræðingar á vegum Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík) að vera þessum hópi til aðstoðar, svo tryggt sé að tillögur ráðsins séu í samræmi við íslenska löggjöf og alþjóðlegar skuldbindingar og svo að unnt sé að setja þær í lögformlegan farveg. Ráðið ætti sjálft að skipa með sér formann og varaformann, í stað þess að þeir séu skipaðir af ráðherra.

Samvinnu- og efnahagsráð þarf að hafa yfir að ráða nægum heimildum til að geta sinnt störfum sínum, t.a.m. að geta krafist opinbera aðila um upplýsingar er varða efnahagsmál. Ráðið þarf að hafa ótvírætt umboð til að útbúa og leggja til við ríkisstjórn, samband sveitarfélaga, Alþingi, Seðlabanka og þingflokkananna heildstæðan lista af efnahagsaðgerðum. Þessar aðgerðir þurfa framangreindir aðilar að ræða, bæði innan sinna raða og sín á milli og taka formlega og opinbera afstöðu til. Líftími ráðsins ætti alls ekki að vera takmarkaður við yfirstandandi efnahagsþrengingar.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til hér að ofan.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs